

Nd.

63. Frumvarp

til laga um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir lífeyrissjóður ljósmæðra, og er hann eign ríkisins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, sem er 10000 kr. árlega í sjóðinn, og iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, sem er 4% af föstum launum þeirra.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, ein ljósmóðir, er kosin skal á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands, en 3 menn í stjórnina skal ríkisstjórnin velja til þriggja ára, og gengur einn úr árlega, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Stjórn sjóðsins skal kjósa formann fyrir sjóðinn á fyrsta fundi, er hún heldur á árinu. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

5. gr.

Ríkisféhirðir hefir á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvorttveggja eftir tilvisun sjóðsstjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja jafnframt ársreikningi ríkissjóðs, endurskoða og úrskurða á sama hátt og aðra reikninga ríkisins.

7. gr.

Sjóðsstjórnin heldur fundi svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða, og má ekkert fé greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Allur kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefir sérhver lögskipuð ljósmóðir, sem starfað hefir sem lögskipuð ljósmóðir í 10 ár eða meira, og hættir störfum, eftir að sjóðurinn tekur til starfa, af ástæðum, er sjóðsstjórnin telur lögmætar. Lögmæt ástæða til að hætta störfum er aðeins sjúkdómur eða elli. Upphæð lífeyris skal fara eftir því, sem um getur í 12. gr. Þær fyrrverandi ljósmæður, sem hafa fengið sérstaklega veitt eftirlaun úr ríkissjóði í fjárlögum 1933, skulu framvegis fá sömu upphæð árlega greidda úr sjóðnum sem þær hafa nú frá ríkissjóði.

10. gr.

Ljósmæður, er starfa í bæjum og tryggð eru sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna, gjalda ekki til sjóðsins og njóta ekki réttinda samkvæmt þessum lögum. Í þeim bæjum, þar sem eftirlaunamálum starfsmannanna hefir enn ekki verið skipað, skulu þó þær ljósmæður, sem laun taka af bænum, hafa frjálsan aðgang að því að njóta réttinda þessara laga, með sömu kjörum og aðrar ljósmæður. Þangað til þessum málum hefir verið skipað.

11. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun ljósmóður síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðarupphót.

12. gr.

Fullur lífeyrir skal miðaður við árslaun samkv. 11. gr. og við fjölda þeirra ára, er ljósmóðirin hefir starfað sem lögskipuð ljósmóðir, hvort heldur óslitið eða með millibili. Ef ljósmóðir lætur af störfum án þess vegna veikinda sé, verður hún þó að vera fullra 60 ára til þess að njóta lífeyris. Fyrir minna en 10 ára starf greiðist enginn lífeyrir.

Fyrir	10—11 ára starf veitast	20% af meðall.	síðustu 5 ára
—	11—12	22%	—
—	12—13	24%	—
—	13—14	26%	—
—	14—15	28%	—
—	15—16	30%	—
—	16—17	33%	—
—	17—18	36%	—
—	18—19	39%	—
—	19—20	42%	—
—	20—21	45%	—
—	21—22	48%	—
—	22—23	51%	—
—	23—24	54%	—
—	24—25	57%	—
—	25 ára starf eða meira	60%	—

Standi upphæð lifeyris samkvæmt þessum útreikningi ekki á heilum tug króna, skal hækka hann svo, að standi á tug.

13. gr.

Verði ljósmóðir ófær til allra starfa vegna slyss, sem hendir hana sökum starfs hennar sem ljósmóðir, skal hún fá greiddan jafnháan lifeyri úr sjóðnum og þær, er starfað hafa í 25 ár. Verði hún seinna vinnufær, fellur greiðslan niður.

14. gr.

Láti ljósmóðir eftir sig föðurlaus börn innan 16 ára aldurs, skulu þau fá úr sjóðnum allt að 200 kr. árlega hvert fram til 16 ára aldurs, eftir úrskurði sjóðsstjórnar. Gildir það jafnt, hvort sem um skilgetin eða óskilgetin börn er að ræða.

15. gr.

Í desembermánuði ár hvert semur stjórn sjóðsins skrá yfir þá, er lifeyris skulu njóta á næsta ári, og gerir samþykkt um breytingar jafnskjótt og tilefni er til.

16. gr.

Lifeyrir greiðist árlega 1. dag júnímánaðar, og þá beint til hlutaðeiganda. Lifeyri til barna veitir móttöku fjárráðamaður þeirra. Áður en ríkisféhirðir greiðir lifeyri, skal hann fá uppgefinn embættisaldur viðkomanda hjá sjóðsstjórninni.

17. gr.

Umsóknir um lifeyri úr sjóðnum skulu sendar formanni sjóðsins fyrir 1. des. ár hvert, og skal tekið fram, hve lengi og hvar viðkomandi hefir starfað.

18. gr.

Ljósmóðir, sem lætur af störfum án þess að fá lifeyri úr sjóðnum, skal fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaust, er hún hefir lagt í sjóðinn.

19. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 1. jan. 1935, enda hafi þá iðgjöld verið greidd fyrir yfirstandandi ár og næsta ár (1933 og 1934) og rikissjóðstillagið fyrir árið 1934.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af kunnáttumanni eftir beiðni Ljósmeðrafélags Íslands og í samráði við flutningsmann.

Mun hér vera fundin allgóð leið til að gera ljósmeðrum nokkra úrlausn um ellistyrk að loknu starfi, og raunar án nýrra útgjalda fyrir rikissjóð. Síðustu árin hafa nokkrum öldruðum ljósmeðrum verið veitt eftirlaun í fjárlögum og sú upphæð farið allórt hækkandi. Er hún þegar farin að nálgast þá upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir, að lögð verði úr rikissjóði til þessa lífeyrissjóðs, en á þann hátt kemur sú fjárveiting að ólíkt almennara gagni og skiptist niður á réttlátari hátt, auk þess sem þingið losnar við allt leiðindapjark út af þessum smámunum.

Hér á eftir eru prentuð tvö fylgiskjöl með frumvarpinu: Greinargerð tryggingafræðingsins, sem frv. hefir samið, og álitsskjal frá stjórn Ljósmeðrafélagsins.

Fylgiskjal I.

Hér á eftir verður í stuttu máli skýrt frá athugunum, sem ég hefi gert með það fyrir augum að fá grundvöll undir væntanlegan lífeyrissjóð fyrir ljósmeður hér á landi. Er gert ráð fyrir, að sá eftirlaunasjóður verði skylduhundinn fyrir allar lögskipaðar ljósmeður á landinu, en að ljósmeðrum þeim í bæjum utan Reykjavíkur, sem ráðnar eru og launaðar af bæjarfélögum, verði fyrst um sinn gefinn kostur á að vera með í sjóðnum í frjálsri tryggingu, þangað til eftirlaunamálum fyrir starfsmenn þeirra bæjarfélaga hefir verið skipað.

Eftirlaun þau, sem sjóðnum er ætlað að greiða, eru tekin upp í 12. gr. frv., og eru þau stighækkandi eftir starfstímanum. Það, sem þó sérstaklega þarf að athuga, eru eftirfarandi atriði:

1. Hvaða iðgjöld þarf að tryggja sjóðnum árlega til þess að hann geti borið eftirlaun þau, sem ráð er fyrir gert, og hver á að greiða þau iðgjöld?
2. Hve mikinn stofnsjóð þarf sjóðurinn að fá til þess að allar ljósmeður, sem nú gegna störfum, geti fengið full réttindi til sjóðsins eftir ákvæðum frv., þegar þær láta af störfum?

Viðvíkjandi fyrri atriðinu er þess að gæta, að ekki er í frv. ákveðinn neinn ákveðinn aldur, þegar eftirlaun byrja, en aðeins ákveðið, að lágmark hans sé 60 ár, ef ekki er sjúkdómum eða slysum til að dreifa. Af þeim sökum er ekki hægt að ákveða með fullri nákvæmni, hvaða hundradshluti iðgjöldin skuli vera af árslaanunum í öllum tilfellum, en hinsvegar óhjákvæmilegt að hafa reglur fyrir iðgjaldagreiðslunum svo einfaldar, að ekki valdi örðugleikum við framkvæmd laganna. Athugum á mörgum mismunandi tilfellum leiddi í ljós, að óhætt

muni vera að reikna með, að árleg iðgjaldagreiðsla, sem nemi 7% af árslaunnum, muni vera rifleg. Af þessu framlagi er í frv. gert ráð fyrir, að 4% séu greidd af ljósmæðrunum sjálfum, en þau 3%, sem eftir eru, fáist af framlagi rikissjóðs. Er reiknað með föstum launum að viðbættri dýrtiðaruppbót bæði við iðgjalda- og eftirlaunagreiðslu.

Þar sem gert er ráð fyrir í frv. föstu árlegu tillagi úr rikissjóði, 10000 kr., sem ekki lagar sig eftir laununum, verður nauðsynlegt að finna fyrst, hve mikið af þessu tillagi fer í iðgjöld. Þetta fæst upplýst af eftirfarandi yfirliti:

Læknishéruð	Í skyldutr.		Í frjálstri tr.		Óþekkt (tölur áætlaðar)			
	tala	laun	tala	laun	Í skyldutr. tala	laun	Í frjálstri tryggingu tala	laun
Hafnarfjarðar	3	900.00	2	2800.00	„	„		
Skipaskaga	2	1300.00	„	„	1	650.00		
Borgarfjarðar	6	2628.30	„	„	„	„		
Borgarness	6	2753.85	„	„	„	„		
Ólafsvikur	„	„	„	„	5	1680.00		
Stykkishólms	5	1680.00	„	„	„	„		
Dala	„	„	„	„	8	2720.00		
Reykhóla	„	„	„	„	3	1020.00		
Flateyjar	1	475.00	„	„	1	475.00		
Patreksfjarðar	5	2428.98	„	„	„	„		
Bildudals	2	969.96	„	„	„	„		
Þingeyrar	4	1821.00	„	„	„	„		
Flateyrar	4	1350.00	„	„	„	„		
Hóls	1	660.00	„	„	„	„		
Ísafjarðar	2	1104.71	1	1200.00	„	„		
Nanteyrar	4	1300.00	„	„	„	„		
Hesteyrar	3	1360.00	„	„	1	450.00		
Reykjarfjarðar	2	600.00	„	„	„	„		
Hólmavíkur	3	850.00	„	„	„	„		
Miðfjarðar	6	2300.00	„	„	„	„		
Blönduós	7	3670.22	„	„	„	„		
Sauðárkróks	6	2270.00	„	„	„	„		
Hofsós	5	2240.00	„	„	„	„		
Siglufjarðar	„	„	1	800.00	„	„		
Svarfdæla	3	1300.00	„	„	„	„		
Akureyrar	7	3060.39	1	1500.00	1	440.00		
Höfðahverfis	3	1314.00	„	„	„	„		
Reykdæla	4	1520.00	„	„	„	„		
Húsavíkur	3	1220.00	„	„	„	„		
Öxarfjarðar	5	1500.00	„	„	„	„		
Þistilfjarðar	4	2000.00	„	„	„	„		
Vopnafjarðar	2	1030.00	„	„	„	„		
Hróarstungu	5	1850.00	„	„	1	370.00		
Seyðisfjarðar	„	„	1	1300.00	1	400.00		

Læknishéruð	Í skyldutr.		Í frjálsri tr.		Óþekkt (tölur áætlaðar)			
	tala	laun	tala	laun	tala	laun	Í frjálsri tryggingu tala	laun
Norðfjarðar	1	517.00	1	800.00	„	„		
Reyðarfjarðar	3	1020.00	„	„	„	„		
Fáskrúðsfjarðar	2	1120.00	„	„	„	„		
Berufjarðar	2	710.00	„	„	2	710.00		
Hornafjarðar	5	1760.00	„	„	„	„		
Síðu	5	2688.00	„	„	1	540.00		
Mýrdals	3	1200.00	„	„	„	„		
Vestmannaeyja	„	„	2	2128.00	„	„		
Rangár	10	4957.72	„	„	1	500.00		
Eyrarbakka	8	3380.00	„	„	„	„		
Grímsnes	5	2989.52	„	„	4	2400.00		
Keflavíkur	7	2870.00	„	„	„	„		
	168	72121.65	9	10528.00	30	12355.00		

Í skyldutryggingu 198 með árslaun 84476.65
- frjálsri tryggingu 9 — „ — 10528.00

Samtals 207 með árslaun 95004.65

Hið árlega iðgjald í sjóðinn verður þá ca. 6650 kr.; þar af greiða ljósmæðurnar sjálfar kr. 3800, en kr. 2850 koma af framlagi ríkissjóðs. Af ríkissjóðsframlaginu eru þá eftir kr. 7150, sem ganga til að greiða hin lögboðnu eftirlaun til þeirra gömlu ljósmæðra, sem hingað til hafa fengið styrk í fjárlögum, og enn fremur á af þessari upphæð að myndast sjóður sá, sem kemur í stað stofnsjóðsins. Kemur þá að hinu síðara atriði, viðvíkjandi stofnsjóðnum.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir, að allar starfandi ljósmæður öðlist full réttindi þegar í stað eins og ef þær hefðu verið í sjóðnum frá því þær byrjuðu starf sitt, sést, að stofnsjóðurinn er það fé, sem myndast hefði af iðgjöldum þeirra með vöxtum á þeim starfstíma, sem liðinn er. Eftir því, sem næst verður komið, mundu það vera ca. 90000 kr. Nú er þessi upphæð ekki fyrir hendi, en hugmyndin er, að hún innborgist smátt og smátt með því, sem eftir verður af ríkissjóðsframlaginu þegar búið er að taka af því iðgjaldið, sem var ca. 2850 kr. á ári, og eftirlaunafé þeirra ljósmæðra, sem nú fá eftirlaun í fjárlögum. Hefir til þess verið áætlað kr. 7700 á yfirstandandi ári, en sú upphæð fer hraðminnkandi, eftir því sem þessar konur falla frá, enda er auðvitað gert ráð fyrir, að ekki verði bætt við neinum eftirlaunum öðrum á þessum lið. Þegar til kemur, verður því árstíllagið til stofnsjóðsins ca. 7150 kr., og verður það að teljast fulltryggt. Það eina, sem ástæða gæfi verið til að óttast, er, að ekki yrði handbært fé fyrir hendi í sjóðnum allra fyrstu árin, og hefir mér því þótt varlegra að láta greiðslur úr sjóðnum ekki byrja fyrr en á árinu 1935.

Reykjavík, 25. febr. 1933.

Brynj. Stefánsson.

Fylgiskjal II.

Stjórn Ljósmeðrafélags Íslands hefir lengi verið það ljóst, að nauðsyn bæri til, að stofnaður væri lifeyrissjóður ljósmeðra, og sér hún ekki aðra leið heppilegri til þessa en um getur í 2. gr. meðfylgjandi lagafrumvarps.

Um framlag ríkissjóðs er það að segja, að í fjárlögunum fyrir 1933 eru ætlaðar til eftirlauna ljósmeðra kr. 7700.00, og sjá allir, hve ranglátt það er, að þessa upphæð fá tiltölulega fáar ljósmeður, en fjöldi annara, sem starfað hafa langan tíma, fær lítið eða alls ekkert.

Í frumvarpinu er farið fram á, að ríkissjóður greiði árlega 10 þús. kr., og er sú upphæð tiltölulega mjög lítil hækkun frá því, sem nú er, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að búast má við, að þessa upphæð yrði að hækka hlutfallslega við fjölgun ljósmeðra, sem samræmisins vegna yrði að bæta við, og yrði þá ekki langt að biðna þess, að upphæðin færi yfir 10 þús. kr. árlega, en eins og getið er um í frumvarpinu, ætlast stjórn Ljósmeðrafél. til, að ljósmeður sjálfar greiði árlega nokkuð af launum sínum í sjóðinn, og bætist þannig allverulega við það fé, sem árlega er hægt að veita til eftirlauna ljósmeðra.

Stjórn Ljósmeðrafél. telur einnig heppilegra, að úthlutun eftirlauna fari eftir því, sem um getur í frumvarpinu, heldur en að Alþingi úthluti árlega þessu fé til einstakra nafngreindra ljósmeðra, enda allar líkur til, að stjórn sjóðsins fylgist betur með hag og kjörum ljósmeðra almennt en þingmennirnir eiga kost á að gera, enda sé þar farið algerlega eftir fyrirmælum frumvarpsins.

Um 14. gr. frumvarpsins skal það tekið fram, að hún er svipuð því, sem tíðkast um starfsmenn bæjarfélaga, sem greiða eftirlaun, og þykir því ekki nema réttlátt, að hörn ljósmeðra njóti svipaðra réttinda.

Um 19. gr. er það að segja, að stjórn Ljósmeðrafél. hefir samkvæmt útreikningi Brynjólfs Stefánssonar skrifstofustj. talizt svo til, að sjóðurinn mundi fær um að taka til starfa 1. jan. 1935, og í trausti þess, að háttvirtir þingmenn sjái, hvilíkt velferðarmál þetta er, vonast stjórn Ljósmeðrafél. eftir, að málið fái fljóta og góða afgreiðslu.

Virðingarfyllt

Stjórn Ljósmeðrafélags Íslands.

Þuríður Bárðardóttir. Jóhanna Friðriksdóttir. Sigríður Sigfúsdóttir.